

Ár 2011, þriðjudaginn 5. apríl, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör vararíkissaksóknara

I.

Í 20. gr. laga nr. 88/2008 segir að ríkissaksóknari sé æðsti handhafi ákærvaldsins og beri ábyrgð á ákvörðunum þeirra sem við embætti hans starfa. Vararíkissaksóknari er staðgengill ríkissaksóknara og er hann skipaður ótímabundið af ráðherra. Vararíkissaksóknari skal fullnægja sömu lagaskilyrðum og ríkissaksóknari, en hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt.

Ríkissaksóknari fær greidd mánaðarlaun samkvæmt launaflokki 502-140. Sérstakur saksóknari fær greidd mánaðarlaun samkvæmt launaflokki 502-138. Staðgengill sérstaks saksóknara fær greidd mánaðarlaun samkvæmt launaflokki 502-135.

Með vísan til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta að samkvæmt 8. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, hefur ráðið ákveðið að launakjör vararíkissaksóknara skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

II.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. maí 2010 skulu mánaðarlaun vararíkissaksóknara vera samkvæmt launaflokki 502-137, nú 729.163 krónur. Að auki skal greiða honum 10 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör vararíkissaksóknara gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson